

FULLGILDI Í LEIKSKÓLA: SJÓNARMIÐ BARNNA OG STARFSFÓLKS

Markmið rannsóknarinnar er að bæta við þekkingu á sýn leikskólabarna með fjölbreyttan bakgrunn á þátttöku sína og vellíðan í leikskólanum. Einnig voru könnuð viðbrögð starfsfólks leikskólans við sjónarmiðum barnanna. Hugtakið fullgildi (e. belonging) var notað til að varpa ljósi á félagsleg samskipti og þátttöku barnanna í samfélagi leikskólans. Rannsóknin var gerð á leikskóladeild þar sem dvöldu saman 19 börn og fjórir starfsmenn. Níu börn kusu að taka þátt eftir að hafa fengið leyfi frá foreldrum og útskýringar á því hvað þátttakan fæli í sér. Einnig voru könnuð viðbrögð starfsfólks leikskólans við sjónarmiðum barnanna. Börnin tóku myndir á spjaldtölvur og voru myndirnar notaðar sem kveikja að samræðu um fullgildi þeirra í leikskólanum. Niðurstöðurnar benda til þess að í hugum barnanna snúist fullgildi aðallega um vináttutengsl þeirra við önnur börn í leikskólanum. Börnin léku sér frekar við börn með svipaðan tungumála- og menningarbakgrunn og þau sjálf. Börn með annan bakgrunn en íslenskan voru frekar útilokuð frá leik en börn með íslenskan bakgrunn. Börnin, sem tóku þátt, voru sjálfstæð og sjálfbjarga í daglegu starfi leikskólans og leituðu ekki til starfsfólksins eftir stuðningi þegar eitthvað bjátaði á, heldur drógu sig frekar í hlé. Starfsfólkið ígrundaði starfshætti sína út frá sjónarmiðum barnanna og hafði ýmsar hugmyndir um fullgildi þeirra. Þær hugmyndir virtust þó ekki endurspeglast nema að litlu leyti í starfsháttum þess.

Efnisorð: leikskóli, fjölmening, bernskurannsóknir, fullgildi

INNGANGUR

Íslenskir leikskólar hafa ekki farið varhluta af aukinni alþjóðavæðingu og fólksflutningum undanfarinna áratuga. Á stuttum tíma hefur fjölbreytni barnahópa í leikskólum landsins aukist gríðarlega. Árið 1998 höfðu einungis 3,8% leikskólabarna annað móðurmál en íslensku. Í lok árs 2018 voru hins vegar hátt í 14% leikskólabarna af erlendum uppruna (Hagstofa Íslands, 2019). Í Reykjavík, þar sem þessi rannsókn fór fram, er talan mun hærrí.

Í aðalnámskrá leikskóla kemur fram að leikskólar eigi að vera vettvangur þar sem lögð sé áhersla á gildi og starfshætti sem renni stoðum undir lýðræðislegt samfélag, þar sem

hver einstaklingur nýtur virðingar og leggur sitt af mörkum. Virða skal rétt allra sem þar dvelja og byggja á jafnrétti, fjölbreytileika, samábyrgð, samstöðu og viðurkenningu á ólíkum sjónarmiðum. Lögð er áhersla á að starfsfólk leikskóla beri virðingu fyrir margbreytileika mannlífsins og öðrum menningarheimum og sýni fjölbreyttum fjölskyldugerðum og menningu virðingu og skilning. Til að stuðla að því að börn þrói með sér jákvæða sjálfmynd beri að byggja á styrkleikum þeirra og hæfni og virða sérstöðu og sjónarmið hvers einstaklings (mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2012).

Leikskólinn hefur veigamiklu hlutverki að gegna við að skapa samfélag byggt á jafnræði og félagslegu réttlæti. Leikskólinn er oft og tíðum fyrsti vettvangur fyrir fjölskyldur af erlendum uppruna til samskipta og til að mynda tengsl við önnur börn og fjölskyldur. Í fjölbreyttum barnahópum gefst tækifæri til að læra um t.d. lýðræði, réttindi, sanngirni, jafnrétti og fjölbreytileika (Evrópuráðið, 2019; Hadnagy, 2018; UNESCO, 2019). Með markvissu starfi getur leikskólinn því verið mikilvægur lýðræðislegur vettvangur þar sem stuðlað er að samstöðu, umburðarlyndi og fullgildi. Í þeirri rannsókn sem hér er kynnt var skoðað hvernig unnið er að þessum þáttum í einum leikskóla á höfuðborgarsvæðinu. Markmið rannsóknarinnar var að leita eftir sýn leikskólabarna með fjölbreyttan menningar- og tungumálabakgrunn á þátttöku sína og vellíðan í leikskólanum. Einnig voru könnuð viðbrögð starfsfólks leikskólans við sjónarmiðum barnanna.

FRÆDILEGUR BAKGRUNNUR OG SJÓNARHORN


Sjónarmið barna

Rannsóknin er byggð á hugmyndafræði bernskurannsókna þar sem sjónum er beint að réttindum og sjónarmiðum barna. Gengið er út frá styrkleikum barna og hæfni til að tjá skoðanir sínar og reynslu og hafa áhrif á umhverfi sitt. Litið er á börn sem fullgilda einstaklinga í samfélaginu, sem borgara nútíðar og framtíðar. Áhersla er lögð á bernskuna sem félagslega mótaða, háða menningu, tíma og félagslegu umhverfi (James og Prout, 1997; Mills og Mills, 2000; Mouritsen og Qvortrup, 2003).

Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins (Barnasáttmálinn) var lögfestur á Íslandi árið 2013. Í honum felst staðfesting á sjálfstæðum réttindum barna, óháð réttindum fullorðinna. Samkvæmt honum hafa börn rétt til að láta í ljósi skoðanir sínar í öllum málum sem þau varða og það þarf að gefa börnum tækifæri til að mynda sér skoðanir, auðvelda þeim að tjá þær, hlusta á þau og bregðast við sjónarmiðum þeirra. Jafnframt fjallar sáttmálinn um rétt barna til verndar og umönnunar fullorðinna til að tryggja velferð þeirra. Samningurinn kveður einnig á um að réttindi barna þurfi að tryggja án tillits til kynþáttar, litarháttar, kynferðis, tungu, trúarbragða, uppruna eða félagslegrar stöðu. Aðildarríkjum ber að virða rétt barns til að viðhalda því sem auðkennir það sem einstakling, svo sem tungumáli og menningu (lög um samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins nr. 19/2013; samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins nr. 18/1992; United Nations, 2017).

Í bernskurannsóknum og Barnasáttmálanum felst sú skuldbinding að þeir sem vinna með ungum börnum hlusti á þau og taki alvarlega það sem þau hafa að segja og leyfi sjónarmiðum þeirra að hafa áhrif á umhverfi þeirra (Brooker, 2011). Í þessari rannsókn

var stuðst við líkan sem írski fræðimaðurinn Laura Lundy (2007) þróaði í þeim tilgangi að stuðla að framgangi og framkvæmd 12. greinar Barnasáttmálans. Líkanið er byggt á fjórum viðmiðum. Það fyrsta er *rými* þar sem áhersla er lögð á að gefa börnum tækifæri til að mynda sér skoðanir og tjá þær. Annað viðmiðið er *rödd*, en þar er lögð áhersla á að hinir fullorðnu auðveldi börnum að tjá skoðanir sínar, útvegi þeim viðeigandi upplýsingar og greiði fyrir því að þau láti í ljósi skoðanir sínar. Þriðja viðmiðið er *áheyrendur*, sem þýðir að tryggja beri að hlustað sé á skoðanir barna, þ.e. að þeim sé komið á framfæri við aðila sem geta komið skoðunum þeirra í framkvæmd. Lokaviðmiðið er *áhrif*, sem merkir að tryggja þurfi að raddir barnanna hafi áhrif, þær séu teknar alvarlega og brugðist sé við þeim (mynd 1).



Mynd 1. Líkan Lundys um framkvæmd 12. greinar Barnasáttmálans

Í rannsókninni var tekið mið af líkani Lundys að því leyti að lögð var áhersla á að gefa börnunum tækifæri til að mynda sér skoðanir og auðvela þeim að láta þær í ljósi. Auk þess voru hugmyndir þeirra og sjónarmið kynnt fyrir áheyrendum sem skipta máli, þ.e. starfsfólki leikskólans, í þeim tilgangi að hlustað yrði á raddir barnanna og þær fengju að hafa áhrif á leikskólastarfið.

Fjölmennningarleg menntun

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar hefur gefið út stefnu um fjölmennningarlegt skóla- og frístundastarf þar sem áhersla er lögð á fjölbreytta starfshætti, íslensku sem annað mál, virkt tvítýngi og foreldrasamstarf (Reykjavíkurborg, skóla- og frístundasvið, 2014). Stefnan er í takt við hugmyndir um fjölmennningarlega menntun sem fagnar margbreytileika og fjölbreytni í nemendahópnum og byggt er á bakgrunni og styrkleikum barnanna. Mariana Souto-Manning (2013) hefur bent á að fjölmennningarleg menntun byggist á hugsjón um félagslegt og menntunarlegt réttlæti og trú á menntun sem stuðlar að því að sérhvert barn nái að þroska hæfni sína bæði sem nemandi og samfélagsþegn. Lokamarkmiðið er að stuðla að samfélagslegum breytingum sem byggjast á lýðræði og virðingu fyrir fjölbreytileika mannlífsins.

Fjölmenningarlegir kennsluhættir felast m.a. í því að viðurkenna ólíka menningu og tungumál og byggja brýr milli heimila og skóla þannig að börnin fái tækifæri til að tengja námið við reynslu sína og þekkingu (Hanna Ragnarsdóttir, 2016; Souto-Manning, 2013). Í gæðaviðmiðum Evrópuráðsins um leikskólastarf er bent á að umhverfi þar sem fjölbreyttum tungumálum og menningu er fagnað og tekið með þökkum stuðli að vellíðan og fullgildi barna (Evrópuráðið, 2019). Hugmyndin um að fjölyngd börn skuli fyrst og fremst aðlagast skólasamfélaginu og að þau skorti ákveðna hæfni og bakgrunn til fullrar þátttöku í námi og starfi er enn töluvert lífseig. Niðurstöður rannsókna sýna að tvítyngd börn hafa takmarkaðri möguleika til náms og þroska en jafnaldrar þeirra (Langeloo, Lara, Deunk, Klitzing og Strijbos, 2019). Rannsóknir Souto-Mannings (2010) sýna jafnframt að börn velja sér leikfélaga eftir móðurmáli. Bæði kennarar og önnur börn virðast hafa lítið þol gagnvart börnum með erlent móðurmál og það veldur því að þau eru oft einangruð og útilokuð frá leik. Souto-Manning bendir á að oft ríki ósamkvæmni á milli heimamennningar barna með erlendan bakgrunn og menningar skólans og lítið sé fram hjá móðurmáli og menningu barna af erlendum uppruna. Hún leggur til að skólar skapi „kennslufræðilegt þriðja rými“ þar sem áhersla sé lögð á að byggja á reynslu, menningu og móðurmáli barnanna.

Nýleg norræn rannsókn sýnir að skólar geta með menningarmiðuðum kennsluháttum lagt mikilvægan grunn og mótað viðhorf til fjölmennningar og virðingu fyrir ólíkri menningu og tungumálum. Skólar sem leitast við að byggja brýr milli heimamennningar og skólamennningar og milli móðurmála og íslensku stuðla að aukinni þátttöku nemenda og auðga skólastarfið (Hanna Ragnarsdóttir og Kulbrandstad, 2018).

Fullgildi

Hugtakið fullgildi (e. belonging) er í þessari rannsókn notað til að varpa ljósi á félagsleg samskipti barna og þátttöku þeirra í leikskólanum. Yuval-Davis (2006) greinir á milli annars vegar tilfinningalegs fullgildis (e. sense of belonging) og hins vegar pólitísks fullgildis (e. politics of belonging). Tilfinningalegt fullgildi vísar til tilfinningalegra tengsla við aðra einstaklinga eða hópa. Pólitískt fullgildi felur auk þess í sér siðferðislegt og pólitískt gildismat og jafnframt valdatengsl sem hafa áhrif á samskipti milli einstaklinga, hópa og umhverfis (Juutinen, 2018; Yuval-Davis, 2006). Hugtakið fullgildi er því margslungið. Það vísar til félagslegrar þátttöku og þeirrar tilfinningar að tilheyrja hópi, en einnig félagslegrar og tilfinningalegrar útilokunar sem getur þróast í daglegum samskiptum (Juutinen, 2018). Press, Woodrow, Logan og Mitchell (2018) hafa unnið með fullgildi í rannsóknum í leikskólum á Nýja-Sjálandi. Þær skilgreindu fullgildi og litu fyrst og fremst svo á að það vísaði til samskipta og gagnkvæmra tengsla við fólk, staði og hluti.

Í þessari rannsókn er lítið á fullgildi sem grundvallarþörf alls fólks, nátengda félagslegri þátttöku og samskiptum. Íslenskir leikskólar leggja áherslu á nám í gegnum leik, samskipti og þátttöku. Fullgildi í barnahópi og í samfélagi leikskólans er því mikilvægur þáttur í menntun ungra barna hér á landi. Fullgildi er einnig mikilvægt fræðilegt hugtak í rannsókninni, notað til að rýna í gögnin, varpa nýju ljósi á það sem er sýnilegt og veita nýjan skilning á sýn barna og starfsfólks á þátttöku í leikskólasamfélaginu. Jafnframt er reynt að skilja hvernig unnið er með fullgildi í fjölbreyttum barnahópi í leikskóla.

Norrænar rannsóknir á fullgildi leikskólabarna

Rannsóknir á fullgildi barna í leikskólum á Norðurlöndum sýna að algengast er að börn tengist vináttuböndum börnum sem hafa svipaðan bakgrunn og þau sjálf. Wang, Palonen, Hurme og Kinos (2019) könnuðu hversu stöðug vináttutengsl barna í finnskum leikskóla voru á eins árs tímabili. Þau komust að því að börnin stofnuðu yfirleitt til vináttu við börn sem voru svipuð þeim sjálfum. Rannsakendur lögðu áherslu á mikilvægi starfsfólksins í því að styðja vináttu barnanna og aðstoða þau við að þróa vináttutengsl við önnur börn. Aðrar norrænar rannsóknir hafa einnig sýnt fram á mikilvægi leikskólakennara og annars starfsfólks í leikskólanum við að skapa aðstæður fyrir börnin til að stofna til og þróa vináttu við önnur börn. Fyrir innflytjendur og börn með erlendan bakgrunn er stuðningur starfsfólks sérstaklega mikilvægur (Arvola, Lastikka og Reunamo, 2017). Niðurstöður rannsóknar Juutinen (2018) með finnskum leikskólabörnum leiddu í ljós að útilokun barna átti sér í auknum mæli stað þegar fullorðnir voru ekki viðstaddir. Kultti, Pramling og Pramling Samuelsson (2017) hafa rannsakað þátttöku barna af erlendum uppruna í sænskum leikskólum. Þau benda á ábyrgð leikskólakennara á því að veita börnum sem ekki hafa sænsku að móðurmáli virkan stuðning. Þessir rannsakendur mæla með því að: (a) hlusta og túlka óyrtað athafnir barnanna, (b) nota samfélagstungumálið til að útskýra athafnir og viðfangsefni og (c) sjá til þess að börnin taki þátt í ákvörðunum og fái tækifæri til að láta í ljósi skoðanir sínar (Kultti o.fl., 2017).

Kalkman og Clark (2017) beindu sjónum að frjálsum leik barna með erlendan bakgrunn í norskum leikskólum og rannsökuðu þá þætti sem greiddu fyrir því að börn væru viðurkennd sem fullgildir þátttakendur í leikskólanum. Niðurstöðurnar leiddu í ljós að hlutverkaleikur var eins konar menningarhandrit (e. cultural script) sem börn með erlendan bakgrunn notuðu til að kanna og láta reyna á menningarlandamærin. Hlutverk leikskólakennaranna í því að skapa félagslegt rými og tækifæri var afar mikilvægt. Zachrisen (2018) rannsakaði einnig aðstæður fyrir fullgildi meðal barna með fjölbreyttan menningar- og tungumálabakgrunn. Niðurstöður hennar styðja aðrar rannsóknir þar sem undirstrikað er mikilvægi leikskólakennara og annars starfsfólks leikskóla þegar kemur að því að skapa aðstæður fyrir börn með erlendan bakgrunn til að upplifa fullgildi í leikskólanum. Með því að skapa sameiginlega reynslu meðal barnanna og aðstæður fyrir þau til að kynast og stofna til vináttu er stuðlað að fullgildi.

Rannsókn Sadownik (2018) meðal barna innflytjenda í norskum leikskóla leiddi í ljós erfiðleika fyrir þennan hóp við að stíga inn í hefðir norræna leikskólans án þess að hafa yfir að ráða viðeigandi félagsauði (e. cultural capital) og áttu slíkir erfiðleikar ríkan þátt í að mörg þeirra voru útilokuð og út undan í barnahópnum. Börnunum í rannsókninni þótti norræni leikskólinn eftirsóknarverður. Þau gátu hins vegar ekki tekið þátt í leik með öðrum börnum því þau skorti nauðsynlega lykilkunnáttu og hæfni í tungumálinu og leikmenningunni. Hugmyndin um hæfa barnið sem einkennir norræna leikskólahugmyndafræði olli jafnframt vissri blindu hjá starfsfólkinu á varnarleysi barna með annan menningar- og tungumálabakgrunn.

Í niðurstöðum norrænna rannsókna á fullgildi barna í leikskólum er lögð rík áhersla á þátt leikskólakennara og annars starfsfólks leikskóla í því að styðja samskipti barnanna og skapa jafnræði og sameiginlega reynslu. Börnum með erlendan bakgrunn finnst frekar en jafnöldrum þeirra að þau skorti tækifæri til að taka þátt í samfélagi leikskólans.

Í þessari grein er leitast við að varpa ljósi á skilning barna með fjölbreyttan menningar- og tungumálabakgrunn á fullgildi, og reynslu þeirra af því í leikskólanum. Í þeim tilgangi að láta raddir þeirra heyrast og hafa áhrif á leikskólastarfið voru sjónarmið barnanna kynnt fyrir starfsfólki leikskólans, sem er því einnig hluti af viðfangsefni rannsóknarinnar. Rannsóknarspurningarnar sem leiddu rannsóknina eru:

- Hver er sýn barnanna á fullgildi, sitt í leikskólanum?
- Hvaða áhrif hefur bakgrunnur barnanna á sýn þeirra á fullgildi sitt í leikskólanum?
- Hver er sýn starfsfólksins á fullgildi barnanna í leikskólanum?

AÐFERÐAFRÆÐI

Rannsóknin fór fram í einum leikskóla í Reykjavík. Leikskólinn var valinn vegna þess að þar er hátt hlutfall barna og starfsmanna með fjölbreyttan bakgrunn. Í leikskólanum eru 54 börn á þremur aldursskiptum deildum og 18 starfsmenn. Um 60% barnanna í leikskólanum eiga annað foreldrið eða báða foreldra af öðru þjóðerni en íslensku. Um 60% starfsmanna leikskólans eru einnig af öðru þjóðerni en íslensku.

Rannsóknin fór fram á elstu deild leikskólans þar sem voru 19 börn, á aldrinum fimm til sex ára, og fjórir starfsmenn. Öllum börnunum á deildinni, sem fengu upplýst samþykki frá foreldrum sínum, var boðið að taka þátt í rannsókninni. Níu börn tóku þátt eftir að hafa fengið útskýringar á því hvað það þýddi fyrir þau að taka þátt í rannsókn. Fjögur þessara barna eiga íslensku að móðurmáli og foreldra með íslenskan bakgrunn. Þau bera dulnefnin Ása, Haraldur, Lís og Daníel. Fjögur barnanna, þau Adam, Ami, Sofía og Christian, eiga foreldra með annað móðurmál en íslensku og eru með annan bakgrunn. Eitt barnanna, Thomas, á annað foreldrið með íslenskan bakgrunn og hitt með erlendan bakgrunn. Börnin eru víðsvegar að og eiga rætur að rekja til Portúgals, Litháens, Lettlands, Ghana og Filippseyja.

Fjórir starfsmenn leikskólans tóku þátt í rannsókninni og gáfu upplýst samþykki sitt. Tveir þeirra voru starfsmenn deildarinnar, Elísabet deildarstjóri sem var með íslenskan bakgrunn og Olivia leiðbeinandi sem var með erlendan bakgrunn. Auk þeirra tóku þátt Stefánía sem er leikskólastjóri og Emma sem er sérkennslufulltrúi. Þær eru báðar leikskólakennarar með íslenskan bakgrunn og höfðu mikil tengsl við deildina.

Gagnaöflun

Annar höfundur þessarar greinar (Sara) safnaði gögnum á vettvangi. Í upphafi rannsóknarinnar var hún í leikskólanum í um það bil mánuð og gerði þátttökuathuganir í þeim tilgangi að kynna þátttakendum og öðlast traust þeirra áður en formleg gagnaöflun hófst. Gagnaöflunin var tvískipt: fyrst með börnunum og síðan með starfsfólkinu.

Börnunum var boðið að taka myndir á spjaldtölvu af því sem þeim þótti mikilvægt í leikskólanum og ræða við rannsakanda um þær. Þau gengu með rannsakandanum um leikskólann og tóku myndir af því sem þau vildu. Þau ræddu um myndirnar um leið og þau tóku þær og einnig í einstaklingsviðtölum sem fóru fram í kjölfarið. Myndirnar sem börnin tóku voru þannig notaðar sem kveikja að umræðu um sýn barnanna á fullgildi sitt í

leikskólanum. Börnin fengu tækifæri til þess að útskýra myndirnar og benda á þætti sem þeim fannst mikilvægir. Með þessum hættigátu þau jafnframt stýrt ferðinni og verið sérfræðingar í samtalinu við rannsakendur. Þannig var stuðlað að valdeflingu barnanna (Dockett, Jóhanna Einarsdóttir og Perry, 2017; Rose, 2016). Samtalið við börnin var hljóðritað, afritað og notað til frekari greiningar.

Að lokinni gagnaöflun með börnunum var starfsfólki deildarinnar boðið á sameiginlegan fund þar sem helstu niðurstöður voru kynntar og dæmi tekin úr frásögnum barnanna. Tveir starfsmenn deildarinnar tóku þátt ásamt leikskólastjóra og sérkennslufulltrúa. Starfsmennirnir fengu tækifæri til þess að ræða niðurstöðurnar og gera almennar athugasemdir. Jafnframt var stuðst við viðtalsramma með opnum spurningum til þess að leitast við að kafa dýpra í umræðuna um fullgildi barnanna í leikskólanum. Til dæmis var starfsfólkið spurt hvernig það liti á vináttu barnanna og hvaða börn lékju sér saman. Fundurinn með starfsfólkinu var hljóðritaður og síðan afritaður og notaður til frekari greiningar.

Siðferðileg atriði og álitamál

Rannsóknnum með börnum fylgja fjölmörg siðferðileg álitamál sem mikilvægt er að hafa í huga (Bertram, Formosinho, Gray, Pascal og Whalley, 2016). Rannsakendur gerðu sér grein fyrir því valdaájafnvægi sem ríkir milli barna og fullorðinna og leituðust við að draga úr því, meðal annars með því að láta rannsóknina fara fram í leikskólanum þar sem börnin og starfsfólkið voru á sínum heimavelli. Einnig gaf rannsakandi sér góðan tíma til þess að kynna börnunum og starfsfólkinu og byggja upp traust þeirra áður en eiginleg gagnaöflun hófst. Lögð var áhersla á að fá fram fjölbreyttar skoðanir fjölbreytts barnahóps og viðhorf ólíkra barna til fullgildis síns í leikskólanum (Jóhanna Einarsdóttir og Snæfríður Þóra Egilson, 2016; Tisdall og Kay, 2012).

Þátttakendur tóku þátt í rannsókninni og gáfu upplýst samþykki sitt eftir að hafa fengið ítarlegar upplýsingar um markmið hennar og tilgang og hvað þátttaka þeirra fæli í sér. Auk þess var fullum trúnaði heitið (Bertram o.fl., 2016). Fengið var samþykki frá rekstraraðilum, leikskólastjóra, starfsfólki deildarinnar sem rannsóknin fór fram á, foreldrum barnanna á deildinni og börnunum sjálfum.

Þegar rannsóknin var útskýrð fyrir börnunum var þeim sagt í einföldu máli um hvað hún snerist og hvert hlutverk þeirra væri, og auk þess var þeim gerð grein fyrir því að þau mættu hætta þátttöku hvenær sem væri. Börnin gáfu samþykki sitt með því að skrifa nafn sitt á blað sem var með myndum og einföldum útskýringum á rannsókninni (Dockett, Jóhanna Einarsdóttir og Perry, 2012; Jóhanna Einarsdóttir, 2007). Ekki var litið á samþykki barnanna í upphafi rannsóknarinnar sem algilt heldur voru þau minnt á það reglulega og gátu skipt um skoðun hvenær sem var. Þátttakendum í rannsókninni var heitið fullum trúnaði og því er hvorki greint frá því hvar rannsóknin fór fram né hverjir þátttakendur í henni eru. Dulnefni eru notuð í staðinn fyrir rétt nöfn leikskólans, starfsfólksins og barnanna.

Tilgangur þess að kynna og ræða niðurstöður rannsóknarinnar við starfsfólk leikskólans var tvíþættur. Annars vegar var ætlunin að fá fram viðhorf þeirra til þess að auðga rannsóknina og hins vegar að fá viðbrögð við því sem börnin höfðu að segja um fullgildi sitt í leikskólanum. Rannsakendur tóku mið af líkani Lundys (2007) og litu á það sem siðferðilega skyldu sína ekki einungis að hlusta á börnin heldur einnig að taka sjónarmið þeirra alvarlega og koma þeim á framfæri við þá sem gætu haft raunveruleg áhrif á fullgildi barnanna í leikskólanum, þ.e. starfsfólk leikskólans, svo að hlustað yrði á raddir barnanna og þær fengju að hafa áhrif á leikskólastarfið. Markmiðið var því hvorki að bera saman samtölin við börnin og starfsfólkið né að fá staðfestingu á því sem börnin höfðu að segja heldur að læra af sjónarmiðum beggja hópa.

Gagnagreining

Þemagreining var notuð til þess að greina samtölin við börnin og starfsfólkið. Báðir rannsakendur greindu gögnin fyrst hvor í sínu lagi og síðan saman í því augnamiði að auka trúverðugleika rannsóknarinnar (Braun og Clarke, 2006). Gögnin voru marglesin, kóðuð, flokkuð og að lokum fundin þemu sem svöruðu spurningunni um það hvernig börnin útskýrðu fullgildi sitt í leikskólanum. Forritið ATLAS.ti var notað til þess að kóða gögnin. Kóðarnir voru flokkaðir og tengdir saman í þemu sem voru yfirfarin og þróuð áfram af báðum rannsakendum. Samtölin við starfsfólk deildarinnar voru greind á svipaðan hátt og samtölin við börnin, þ.e. rannsakendur greindu samtalið fyrst hvor í sínu lagi og síðan saman. Rannsakendur kóðuðu samtölin í tengslum við niðurstöður úr samtölunum við börnin, viðtalsspurningar og fræðilegan bakgrunn rannsóknarinnar.

NIÐURSTÖÐUR

Niðurstöðurnar byggjast í fyrsta lagi á samtölunum sem rannsakandi átti við börnin um myndir sem þau tóku í leikskólanum. Í öðru lagi eru þær byggðar á umræðu starfsfólks leikskólans um sjónarhorn barnanna á fullgildi sitt í leikskólanum. Til þess að tryggja gagnsæi rannsóknarinnar eru tekin dæmi beint úr gögnunum; þannig geta lesendur lagt mat á gildi og trúverðugleika rannsóknarinnar (Bertram o.fl., 2016). Niðurstöðurnar eru flokkaðar í tvö þemu. Annars vegar *vinátta og leikur* og hins vegar *sjálfstæði og sjálfsbjargarviðleitni*.

Vinátta og leikur

Niðurstöðurnar gefa til kynna að í hugum barnanna tengist fullgildi þeirra í leikskólanum fyrst og fremst vináttutengslum þeirra við önnur börn. Öll börnin tóku margar myndir af öðrum börnum. Börnunum leið vel og fannst þau tilheyra í leikskólanum ef þau átt vini sem vildu leika við þau. Mörg þeirra nefndu vináttu þegar þau voru spurð hvað þeim þætti mikilvægast í leikskólanum. Adam sagði til dæmis: „Ég vil bara taka mynd um hver er vinur minn.“ Þegar börnin voru beðin að útskýra hvað vinátta þýddi tengdu þau hana oftast við leik. Þau sögðu til dæmis að vinir væru börn sem þau lékju sér oft við. Flest börnin sögðu að það væri skemmtilegast að leika sér í leikskólanum og að þeim liði best þegar þau væru

með vinum sínum. Dæmi um það var þegar Tómas var spurður hvar honum fyndist best að vera í leikskólanum og hann svaraði: „Að leika við Adam, Christian og Paul.“

Mörg barnanna töluðu um að allir væru vinir í leikskólanum og að þar lékju sér allir saman. Bestu vinir barnanna voru þó yfirleitt börn sem voru með svipaðan bakgrunn og þau sjálf. Þegar þau voru spurð um vini sína eða leikfélaga í leikskólanum nefndu þau oftast börn á sama aldri, af sama kyni og með svipaðan bakgrunn. Tómas sagðist helst leika við Adam, Christian og Paul sem voru drengir á sama aldri og með erlendan bakgrunn en þó ekki þann sama og Tómas. Í samtali við rannsakanda sagði Ása að sér þætti svolítið gaman að vera með Míu, sem er stúlka með erlendan bakgrunn, en bætti svo við: „Mér finnst mest gaman með Margréti ... mest.“ Margrét er með íslenskan bakgrunn eins og Ása. Þær eru því á sama aldri, af sama kyni og eiga sama móðurmál. Af samtölunum við þessi börn mátti greina að þau börn sem höfðu íslenskan bakgrunn leika sér oftast við börn með íslenskan bakgrunn og börn með erlendan bakgrunn leika sér oftast við börn með erlendan bakgrunn.

Þátttaka barnanna í leik og öðrum viðfangsefnum var mikilvæg fyrir fullgildi þeirra í leikskólanum. Flest börnin sögðust eiga vini í leikskólanum og fá oftast að vera með í leik, þó að sum þeirra nefndu dæmi um að þau væru stundum útilokuð frá leik með öðrum börnum. Útilokun frá barnahópnum var börnunum erfið, hvort heldur það var að þau væru útilokuð eða að önnur börn væru höfð út undan. Mörg barnanna sögðu að þau yrðu leið og þeim liði illa þegar þau, eða önnur börn, væru útilokuð frá leik með öðrum börnum. Adam, sem var með erlendan bakgrunn, sagði til dæmis að sér liði ekki alltaf vel í leikskólanum, stundum vildi hann frekar vera heima vegna þess að stundum væri hann hafður út undan. Hann var spurður hvort allir mættu vera með í leik:

Adam: Ekki alltaf, stundum segja þau: „ég má ekki vera með ... þú mátt ekki vera með“, stundum.

R: Segja þau það stundum við þig?

Adam: Já.

R: Og hvernig líður þér ef þú mátt ekki vera með?

Adam: Ekki vel.

Þegar starfsfólkinu í leikskólanum voru kynntar niðurstöðurnar úr viðtölunum við börnin tók það undir þau sjónarmið barnanna að fullgildi þeirra í leikskólanum tengdist sterklega vináttutengslum barnanna og leik. Starfsfólkið taldi leik barna mikilvægan þátt fullgildis, sérstaklega þeirra sem höfðu erlendan bakgrunn, vegna þess að í leik gætu börn æft sig í íslenskri tungu með því að nota ný orð og þróa skilning sinn á tungumálinu. Starfsfólkið sagðist einnig hvetja börn með erlendan bakgrunn til að leika sér við börn með sama móðurmál og þau. Það taldi mikilvægt að börnin væru fær í móðurmáli sínu vegna þess að það væri grunnurinn að því að ná tókum á íslensku sem öðru máli. Elísabet sagði:

En mér finnst þessir krakkar, af því að börn eru líka að þróa tungumálið í leik. Þau eru að nota orð og reyna að láta þau passa inn í til þess að átta sig á hvað þau þýða. Þannig að það er eðlilegt að þau noti líka móðurmálið sitt.

Starfsfólkið taldi að í leik gætu börnin annars vegar notað móðurmál sitt og hins vegar æft sig í íslensku. Það væri auðveldara fyrir börnin að leika sér á sínu móðurmáli vegna

Þess að samskiptin gengju þá betur. Elísabet benti á að í hópastarfi væri aftur á móti lögð meiri áhersla á að börnin töluðu íslensku, til dæmis þegar þau væru að spila. Þá reyndi hún að hafa hópana blandaða, þannig að þá væru bæði börn með íslenskan og erlendan bakgrunn saman í hóp svo að þau sem væru með annað móðurmál gætu lært af þeim íslensku. Hún sagði: „Þá gerum við þær kröfur að það sé talað það tungumál sem allir skilja.“ Elísabet taldi færni í íslensku vera mikilvægan þátt í því að tilheyra samfélagi leikskólans. Stefanía tók undir það en bætti jafnframt við að þau þyrftu að sýna meiri umburðarlyndi gagnvart því að börnin töluðu sitt móðurmál í leikskólanum. Hún sagði: „Við erum svo ung í þessu að það er þetta umburðarlyndi fyrir því [tungumálinu].“

Þegar starfsfólkið var spurt um samskipti barna af erlendum uppruna og þeirra sem höfðu íslenskan bakgrunn var augljóst að um töluverðan aðstöðumun var að ræða milli þessara hópa. Olivia útskýrði að börn sem hefðu íslensku að móðurmáli gætu leikið við flestöll börnin á deildinni, sama hver bakgrunnur þeirra væri. Hún sagði: „Eins og ég sé þetta, þá eru íslensku börnin bara ... það skiptir ekki máli hvort hin börnin [sem þau leika við] séu íslensk eða ekki.“ Hún sagði að börn með annað móðurmál en íslensku leituðu hins vegar frekar til barna sem einnig væru með annan tungumálabakgrunn. Hún taldi þau stundum vera einangruð frá öðrum börnum, þar sem þau drægju sig út úr barnahópnum eða væru útilokuð frá honum. Stefanía vildi leggja meiri áherslu á að efla börn af erlendum uppruna þannig að þeim myndist það ekki skipta máli hvort þau tækju þátt í leik með innfæddum börnum eða börnum af erlendum uppruna. Hún orðaði það svona: „En það er svo annað mál hvort við vildum ekki sjá samt að það væri ... að þau væru bara sterkari og sjálfsöruggari, að þeim myndist það ekki skipta máli [við hvern þau lékju sér].“

Þegar rannsakandi spurði starfsfólkið nánar út í það hvernig unnið væri með vináttutengsl barnanna í leikskólanum sagði það að vináttan væri þáttur sem alltaf væri verið vinna með í daglegu starfi leikskólans. Áhersla væri lögð á að öll börnin væru virkir þátttakendur í leik og daglegum athöfnum og hluti af barnahópnum. Það væri þáttur í réttindum barnanna og skyldum starfsfólksins að stuðla að vináttu, vellíðan og fullgildi barnanna. Ef börnin væru ekki samþykkt af barnahópnum liði þeim ekki vel í leikskólanum. Stefanía sagði að starfsfólkið ætti að sjá til þess að öll börnin væru samþykkt af barnahópnum, með öllum sínum styrkleikum og veikleikum, en benti jafnframt á að það gengi misvel að takast á við útilokun barna frá hópnum. Starfsfólkið var sammála um að vináttutengsl barnanna væru flókin í stórum barnahópi. Emma nefndi til dæmis að það væri erfitt fyrir börnin að mynda nán tengsl við öll hin börnin á deildinni en starfsfólkið legði áherslu á að þau lærðu að koma vel fram við aðra og vera kurteis. Þetta kom fram í umræðu starfsfólksins við rannsakanda:

Emma: Ég var einmitt að hugsa, af því að þú varst að tala um áðan, þú veist, þetta að vera vinur, allir eiga að vera vinir. Þú veist ef maður hugsar bara ...

Stefanía: Þvílíkt álag.

Emma: Ef ég hugsa bara fyrir mig, skilurðu, að vera í einhverjum svona stórum hópi og skylda mín er að vera vinur allra.

R: Já, einmitt.

Emma: Það eru kannski einhverjir þarna sem mig langar ekki að eiga vináttu með eða þannig.

Ég get alveg verið kurteis og allt þetta við manneskjuna og komið vel fram við hana.

Stefanía: Og borið virðingu fyrir henni.

Emma: Án þess að hún sé endilega vinur ... þú veist, þannig að þetta er alveg flókið, sko.

Sjálfstæði barnanna og sjálfsbjargarviðleitni

Í samtölunum við börnin um fullgildi þeirra í leikskólanum nefndu þau aldrei starfsfólk leikskólans að fyrra bragði. Þau virtust vera mjög sjálfstæð og sjálfbjarga í leik og daglegu starfi leikskólans. Þegar börnin voru spurð hvert þau leituðu eftir stuðningi þegar þau meiddu sig eða væru höfð út undan, þá nefndu þau aðallega önnur börn á deildinni. Börnin nefndu leiðir sem þau færu þegar þau lentu í erfiðum aðstæðum. Þau sögðust til dæmis draga sig í hlé ef þau væru útilokuð frá barnahópnum. Ami, einn drengjanna sem var með erlendan bakgrunn, sagði til dæmis um það þegar hann mætti ekki vera með í leik: „Þá ætla ég bara að róla aleinn.“ Ása, stúlka með íslenskan bakgrunn, nefndi einnig að hún drægi sig í hlé ef hún væri útilokuð frá leik, til dæmis færi hún að hanga í klifurgrindinni eða róla. Hún nefndi hins vegar fleiri úrræði en Ami og benti á að það væri einnig hægt að nota tungumálið og segja „fyrirgefðu“, vera góð hvert við annað, hugga eða fara og leika við einhvern annan.

Börnin töluðu oft um rólurnar á útsvæðinu, sem þau virtust líta á sem eins konar griðastað. Þar gætu þau dregið sig í hlé, bæði þegar átök yrðu í barnahópnum og þegar þau vildu næði. Í samtali við Harald kom fram að honum liði illa þegar það væru mörg börn vegna þess að þá væru oft mikil læti. Hann sagði: „Og ég vil bara vera í friði, ég og Daníel viljum bara vera í friði, aleinir að róla og tala saman.“ Daníel sagðist líka sækja í rólurnar ef honum liði illa, til dæmis ef verið væri að elta hann. Rannsakandi spurði þá hvernig hann brygðist við því og Daníel útskýrði það:

Daníel: Ég fer bara í burtu [frá honum].

R: Ferðu þá burtu frá honum, já?

Adam: En þú ferð ekki í burtu frá mér.

Daníel: Og svo þegar ég fer í burtu þá eltir hann mig bara meira og meira.

R: Uum, en getur enginn hjálpað þér?

Adam: Jú, ég er að hjálpa þér en hann hleypur samt aftur út af því hann vill svo mikið róla með Daníel.

Daníel: Já, hann segir alltaf „förum beint í rólurnar“.

Þetta dæmi sýnir hvernig börnin studdu hvert annað og leituðu lausna sjálf þegar eitthvað bjátaði á í stað þess að leita til starfsfólksins. Þegar rannsakandi spurði Daníel hvort enginn gæti hjálpað honum ef eitthvað væri að kom Adam inn í samtalið og sagðist geta hjálpað Daníel ef verið væri að elta hann. Þeir nefndu hvorugur að þeir leituðu til starfsfólks ef þeir þyrftu aðstoð eða þeim liði illa.

Þessi sjónarmið komu starfsfólkinu ekki á óvart og virtist það líta á það sem jákvætt að börnin væru sjálfstæð og hjálpuðust að vegna þess að í öllu daglegu starfi leikskólans væri mikil áhersla á að styðja sjálfræði barnanna. Starfsfólkið tengdi þessar áherslur við markmið aðalnámskrár leikskóla og sagðist leggja áherslu á sjálfstæði barnanna að því leyti að þau gætu gert hlutina sjálf og væru fær um að leika sér með jafningjum sínum án

fullorðinna. Starfsfólkið tengdi þetta einnig við jafningjamenningu barnanna og sagði að börnin hefðu skapað þá reglu að það væri slæmt að klaga og það væri ein ástæða þess að þau leituðu ekki oft til starfsfólksins eftir aðstoð ef þau yrðu fyrir mótlæti. Elísabet benti á að klógumál væru ekki vinsæl í barnahópnum og sagði: „Þau segja bara, hann er að klaga eða hún er að klaga.“ Það líkaði börnunum ekki. Það gerði það að verkum að þau segðu ekki oft frá ef eitthvað bjátaði á.

Stefanía tók undir með Elísabetu og bætti við að elstu börn leikskólans væru orðin mjög sjálfstæð og yfirleitt hætt að klaga. Þau björguðu sér meira sjálf en þau sem yngri væru, þau yngri leituðu oft til starfsfólksins eftir aðstoð. Niðurstöðurnar benda því annars vegar til þess að börnin hafi skapað þá menningu innan barnahópsins á deildinni að það eigi ekki að klaga önnur börn og hins vegar leggi starfsfólkið mikla áherslu á sjálfstæði barnanna í daglegu starfi leikskólans. Það veldur því að börnin leita lítið til starfsfólksins eftir aðstoð þegar þau eru útilokuð frá leik með öðrum börnum, þeim líður illa eða þau þurfa aðstoð.

Starfsfólkið tók undir mikilvægi þess að börnin gætu dregið sig í hlé frá barnahópnum og fengið næði. Oft væri mikið áreiti í daglegu starfi leikskólans og börnin hefðu fá tækifæri til þess að draga sig í hlé, en það væri þá helst á útsivæðinu. Starfsfólkið taldi sig vera með hæfilegan fjölda barna á deildinni, eða 19 talsins, en Stefanía sagði að þrátt fyrir það væri aðstaða barnanna ekki góð þegar margir væru saman í litlu rými. Emma talaði um mikilvægi þess að stýra börnunum í smærri hópa, þannig væri meiri ró á deildinni. Hún sagði: „Þetta er líka svona sem maður er alltaf að reyna, þú veist að dreifa þeim þannig að það séu ekki allir á sama svæði þannig að þau geti verið í friði í því sem þau eru að gera.“

UMRÆÐA

Markmið þessarar rannsóknar var að leita eftir sýn leikskólabarna með fjölbreyttan menningar- og tungumálabakgrunn á þátttöku sína og vellíðan í leikskólanum. Einnig voru könnuð viðbrögð starfsfólks leikskólans við sjónarmiðum barnanna. Hugtakið fullgildi (e. belonging) var notað til að varpa ljósi á félagsleg samskipti og þátttöku barnanna í samfélagi leikskólans (Juutinen, 2018; Yuval-Davis, 2006).

Niðurstöðurnar benda til þess að í hugum barnanna tengist fullgildi þeirra í leikskólanum fyrst og fremst vináttutengslum þeirra við önnur börn. Börnunum leið vel og fannst þau tilheyra í leikskólanum ef þau átt vini sem vildu leika við þau. Niðurstöður rannsóknarinnar gefa til kynna nokkra aðgreiningu milli þeirra barna sem höfðu erlendan bakgrunn og barna með íslenskan bakgrunn. Þau börn sem tóku þátt í rannsókninni og voru með erlendan bakgrunn léku sér frekar við börn sem einnig voru með erlendan bakgrunn og börn með íslenskan bakgrunn léku sér frekar við börn með innlendan bakgrunn. Niðurstöðurnar benda einnig til töluverðs aðstöðumunar milli barna af erlendum uppruna og innfæddu barnanna. Börnin sem höfðu íslensku að móðurmáli virtust hafa meiri möguleika á félagatengslum þar sem þau gátu leikið við öll börnin á deildinni, sama hvaða tungumála- eða menningarbakgrunn þau höfðu. Þau sem voru með erlendan bakgrunn virtust hafa minna val um leikfélaga og þátttöku í leik og þau voru frekar útilokuð af hinum börnunum. Þessar niðurstöður eru í samræmi við fyrri rannsóknir, sem sýna annars vegar að börn

velji sér leikfélagi eftir móðurmáli og hins vegar að börn með erlent móðurmál séu frekar einangruð frá barnahópnum (sjá Souto-Manning, 2010; Wang o.fl., 2019).

Börnin sem voru með íslenskan bakgrunn höfðu jafnframt fleiri úrræði á takteinunum þegar þau voru útilokuð frá leik en börn með annan bakgrunn. Þau notuðu íslenskt mál til þess að bjarga sér, eins og Ása benti á þegar hún sagðist geta brugðist við með því að biðjast fyrirgefningar, vera góð við hin börnin, hugga þau eða fara og leika við einhvern annan. Niðurstöður þessarar rannsóknar eru í samræmi við rannsóknir Sadowniks (2018) sem benda til þess að börn með annan bakgrunn hafi oft ekki þá hæfni í tungumáli samfélagsins og leikmenningunni sem þau þurfa til að vera fullgildir þátttakendur í leik og starfi leikskóla. Það getur leitt til þess að þau einangrist frekar og hafi þar af leiðandi takmarkaðri möguleika til náms og þroska en börn með íslenskan bakgrunn (Langeloo o.fl. 2019; Souto-Manning, 2010).

Starfsfólk leikskólans virtist gera sér grein fyrir ólíkri stöðu barnanna þegar kom að því að velja sér leikfélagi og taka þátt í leik. Aðspurt sagðist það leggja áherslu á að efla vináttutengsl þeirra í leikskólanum og að öll börnin væru virkir þátttakendur í leik og þeim fyndist þau tilheyra barnahópnum. Í samtölunum við börnin kom hins vegar fram að þau leituðu sjaldan til starfsfólksins þegar þau vantaði stuðning við daglegar athafnir eða þegar eitthvað bjátaði á, heldur fengu þau stuðning frá öðrum börnum eða þau drægju sig í hlé. Það má draga þá ályktun af þessum niðurstöðum að til þess að börnin sem höfðu fjölbreyttan bakgrunn ættu þess kost að vera fullgildir þátttakendur í leik og daglegu starfi leikskólans þyrftu þau mun meiri stuðning frá starfsfólkinu, og er það í samræmi við niðurstöður annarra rannsókna (Arvola o.fl., 2017; Kultti o.fl., 2017). Einnig sýna rannsóknir að útilokun á sér mun oftar stað þegar fullorðnir eru ekki viðstaddir (Juutinen, 2018). Starfsfólk getur því stutt fullgildi barna í leikskóla með því að leyfa þeim að leita til sín, skapa þeim félagslegt rými þar sem þau fá tækifæri til að láta reyna á mismunandi menningarheima, finna leiðir til þess að skapa sameiginlega reynslu meðal barnanna, búa til aðstæður fyrir þau til að kynnast betur og stofna til vináttu og draga úr aðgreiningu í leik þannig að börn með erlendan bakgrunn hafi tækifæri til að þjálfa íslenskt mál í leik með börnum með innlendan bakgrunn (Kalkman og Clark, 2017; Sadownik, 2018; Zachrisen, 2018).

Börnin sem tóku þátt í þessari rannsókn voru sjálfstæð og sjálfbjarga í daglegum athöfnum í leikskólanum. Þegar athygli starfsfólksins var vakin á því að börnin segðust lítið leita til þess um aðstoð lagði það áherslu á að í leikskólanum væru klögumál ekki talin æskileg og það væri ekki viðurkennt í menningu barnahópsins að segja frá ef gert væri á hlut þeirra. Hugmyndin um hæfa og sjálfstæða barnið, sem einkennt hefur norræna leikskólahugmyndafræði, virtist því valda vissri blindu hjá starfsfólkinu á varnarleysi barnanna, eins og Sadownik (2018) hefur bent á. Því má segja að áhersla á sjálfstæði og sjálfstæði barnanna hafi að einhverju leyti snúist upp í andhverfu sína þar sem börnin leita ekki til starfsfólksins eftir stuðningi til að geta verið fullgildir þátttakendur í leik og starfi. Eins og Barnasáttmálinn bendir á ber að efla sjálfstæði barna en jafnframt er þar skýrt kveðið á um skyldur fullorðinna til að annast um og vernda börn og tryggja þar með velferð þeirra (lög um samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins nr. 19/2013).

Í samræðu við starfsfólkið kom fram það viðhorf að mikilvægt væri að finna leiðir til þess að efla færni og aðlögunarhæfni barna með erlendan bakgrunn. Þau þyrftu að læra íslensku því þannig gætu þau betur aðlagast barnahópnum og leikskólastarfinu. Nýlegar rannsóknir benda á mikilvægi þess að byggja brýr á milli heimamennningar og skólamennningar og milli móðurmála barna og íslensku svo auka megi þátttöku barna og auðga skólastarfið. Viðurkenna þurfi ólíka menningu og tungumál barnanna og veita þeim tækifæri til að tengja leik sinn og nám við reynslu sína og þekkingu (Hanna Ragnarsdóttir, 2016; Hanna Ragnarsdóttir og Kulbrandstad, 2018; Souto-Manning, 2013). Souto-Manning (2010, 2013) leggur til að skólar skapi svokallað „kennslufræðilegt þriðja rými“ þar sem áhersla er á að byggja leik og starf barnanna á fjölbreyttri reynslu þeirra og menningu. Þannig megi betur tryggja fjölmennningarlega menntun allra barna. Starfsfólkið virtist ekki vera meðvitað um mikilvægi þess að byggja menntun barna á reynslu þeirra og styrkleikum, þrátt fyrir að stefna skóla- og frístundasviðs Reykjavíkur um fjölmennningarlegt skóla- og frístundastarf leggi áherslu á fjöltyngi og fjölbreytileika (Reykjavíkurborg, skóla- og frístundasvið, 2014) sem og stefnuþróun menntamálaráðuneytisins um menntun barna með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn (mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2020). Það viðhorf virðist því vera við lýði að fyrst og fremst þurfi að laga börnin að íslenskri menningu svo þau geti tekið virkan þátt í íslensku samfélagi. Þessar niðurstöður eru í samræmi við nýlega rannsókn Langelooos o.fl. (2019) þar sem fram kom að það viðhorf væri lífseigt að fjöltyngd börn skorti vissa færni og bakgrunn og þau þyrftu fyrst og fremst að aðlagast skólasamfélaginu.

Í rannsókninni sem hér er til umfjöllunar var stuðst við líkan Lundys um framkvæmd 12. greinar Barnasáttmálans (Lundy, 2007). Hlustað var á raddir barnanna og þeim auðveldað að láta skoðanir sína í ljósi. Þá var leitast við að koma sjónarmiðum þeirra á framfæri við starfsfólk leikskólans svo að raddir þeirra hefðu áhrif á leikskólastarfið. Með því að kynna starfsfólkinu sýn barnanna á fullgildi sitt í leikskólanum gafst því færi á að ígrunda starfshætti sína og ræða saman og við rannsakanda um það hvernig stuðla mætti að fullgildi allra barnanna í leikskólanum. Starfsfólkið hafði ýmsar hugmyndir um vináttu og fullgildi barnanna en þær hugmyndir virtust ekki endurspeglast í starfsháttum þess. Draga má þá ályktun af þessari rannsókn að umræða um fullgildi barna með fjölbreyttan menningar- og tungumálabakgrunn sé komin stutt á veg í leikskólasamfélaginu, enda hefur íslenskt samfélag breyst hratt síðustu árin með örri fjölgun fólks af erlendum uppruna. Leikskólinn gegnir veigamiklu hlutverki við að skapa samfélag byggt á jafnræði og félagslegu réttlæti (Evrópuráðið, 2019; Hadnagy, 2018; UNESCO, 2019). Það er því mikilvægt að auka umræðu meðal starfsfólks leikskóla um þátttöku barna af erlendum uppruna í leik og daglegu starfi leikskólans og leita leiða til þess að styðja öll börn til fullgildis í íslensku skólasamfélagi.

ATHUGASEMDIR

Hugtakið fullgildi er nýyrði og er þýðing á enska orðinu *belonging* og vísar til þeirrar tilfinningar að tilheyrna hópi. Hugtakið er í þessari rannsókn notað til að varpa ljósi á félagsleg samskipti barna og þátttöku þeirra í leikskólanum.

Rannsóknin er hluti af stærri rannsókn þar sem fullgildi barna er rannsakað út frá sjónarhóli barna, foreldra og kennara. Heildarrannsóknin var styrkt af:

- Rannís, Educational Continuity: Supporting Positive Transition for Children from Diverse Backgrounds nr. 163325-052.
- NordForsk, Politics of belonging: Promoting Children's Inclusion in Educational Settings across Border nr. 85644.
- Rannsóknasjóði Háskóla Íslands.

HEIMILDIR

- Arvola, O., Lastikka, A.-L. og Reunamo, J. (2017). Increasing immigrant children's participation in the Finnish early childhood education context. *The European Journal of Social and Behavioural Sciences*, 20(3), 2538–2548. <https://doi.org/10.15405/ejsbs.223>
- Bertram, T., Formosinho, J., Gray, C., Pascal, C. og Whalley, M. (2016). EECERA Ethical code for Early Childhood Researchers. *European Early Childhood Education Research Journal*, 24(1), iii–xiii. <https://doi.org/10.1080/1350293x.2016.1120533>
- Braun, V. og Clarke, V. (2006). Using thematic analysis in psychology. *Qualitative Research in Psychology*, 3(2), 77–101. <https://doi.org/10.1191/1478088706qp063oa>
- Brooker, L. (2011). Taking children seriously: An alternative agenda for research? *Journal of Early Childhood Research*, 9(2), 137–149. <https://doi.org/10.1177/1476718x10387897>
- Dockett, S., Jóhanna Einarisdóttir og Perry, B. (2012). Young children's decisions about research participation: Opting out. *International Journal of Early Years Education*, 20(3), 244–256. <https://doi.org/10.1080/09669760.2012.715405>
- Dockett, S., Jóhanna Einarisdóttir og Perry, B. (2017). Photo elicitation: Reflecting on multiple sites of meaning. *International Journal of Early Years Education*, 25(3), 225–240. <https://doi.org/10.1080/09669760.2017.1329713>
- Evrópuráðið. (2019). Council recommendations of 22 May 20. On high-quality early childhood education and care system. *Official Journal of the European Union*. Sótt af [https://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/PDF/?uri=CELEX:32019H0605\(01\)&from=EN](https://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/PDF/?uri=CELEX:32019H0605(01)&from=EN)
- Hadnagy, J. (ritstjóri). (2018). *School – a basis for successful inclusion: Newly arrived children and young people in the Nordic countries*. Stokkhólmur: Nordic Welfare Centre. Sótt af <https://nordicwelfare.org/en/publikationer/school-a-basis-for-successful-inclusion/>
- Hagstofa Íslands. (2019). Menntuðum leikskólakennurum fækkar. Sótt af <https://hagstofa.is/utgafur/frettasafn/menntun/born-og-starfsfolk-i-leikskolum-2018/>
- Hanna Ragnarsdóttir. (2016). Farsælt skólustarf með ungum innflytjendum: Niðurstöður norrænnar rannsóknar um velgengi nemenda af erlendum uppruna og skóla á fjórum Norðurlöndum. Í Dóra S. Bjarnason, Hermína Gunnþórsdóttir og Ólafur Páll Jónsson (ritstjórar), *Skóli margbreytileikans: Menntun og manngildi í kjölfar Salamanca* (bls. 235–258). Reykjavík: Háskólaútgáfan.

- Hanna Ragnarsdóttir og Kulbrandstad, L. A. (ritstjórar). (2018). *Learning spaces for inclusion and social justice: Success stories from four Nordic countries*. Newcastle upon Tyne: Cambridge Scholars Publishing.
- James, A. og Prout, A. (ritstjórar). (1997). *Constructing and reconstructing childhood: Contemporary issues in sociological study of childhood*. London: Falmer.
- Jóhanna Einarsdóttir. (2007). Research with children: Methodological and ethical challenges. *European Early Childhood Education Research Journal*, 15(2), 197–211. <https://doi.org/10.1080/13502930701321477>
- Jóhanna Einarsdóttir og Snæfríður Þóra Egilson. (2016). Embracing diversity in childhood studies: Methodological and practical considerations. Í A. Farrell og I. Pramling Samuelsson (ritstjórar), *Diversity in the early years: Intercultural learning and teaching* (bls. 35–53). Oxford: Oxford University Press.
- Juutinen, J. (2018). *Inside or outside? Small stories about the politics of belonging in preschools*. Oulu: University of Oulu.
- Kalkman, K. og Clark, A. (2017). Here we like playing princesses – newcomer migrant children's transitions within day care: Exploring role play as an indication of suitability and home and belonging. *European Early Childhood Education Research Journal*, 25(2), 292–304. <https://doi.org/10.1080/1350293x.2017.1288020>
- Kultti, A., Pramling, N. og Pramling Samuelsson, I. (2017). Young children's participation in a new language context: A synthesising analysis for a holistic perspective. Í A. C. Gunn og C. A. Hruska (ritstjórar), *Interactions in early childhood education: Recent research and emergent concepts* (bls. 55–68). Singapore: Springer.
- Langeloo, A., Lara, M. M., Deunk, M. I., Klitzing, N. F. og Strijbos, J.-W. (2019). A systematic review of teacher-child interactions with multilingual young children. *Review of Educational Research*, 89(4), 536–568. <https://doi.org/10.3102/0034654319855619>
- Lundy, L. (2007). 'Voice' is not enough: Conceptualising Article 12 of the United Nations Convention on the Rights of the Child. *British Educational Research Journal*, 33(6), 927–942. <https://doi.org/10.1080/01411920701657033>
- Lög um samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins nr. 19/2013.
- Mennta- og menningarmálaráðuneytið. (2012). *Aðalnámskrá leikskóla 2011*. Reykjavík: Höfundur.
- Mennta- og menningarmálaráðuneytið. (2020). *Drög að stefnu: Menntun barna og ungmenna með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn*. Sótt af https://www.ki.is/media/hmckd4ba/dr%C3%B6g-a%C3%B0-stefnu-menntun-barna-og-ungmenna-me%C3%B0-fj%C3%B6lbreyttan-tungum%C3%A1la-og-menningarbakgrunn_260520.pdf
- Mills, J. og Mills, R. (ritstjórar). (2000). *Childhood studies: A reader in perspectives of childhood*. New York: Routledge.
- Mouritsen, F. og Qvortrup, J. (ritstjórar). (2003). *Childhood and children's culture*. Óðinsvæ: University Press of Southern Denmark.
- Press, F., Woodrow, C., Logan, H. og Mitchell, L. (2018). Can we belong in a neo-liberal world? Neo-liberalism in early childhood education and care policy in Australia and New Zealand. *Contemporary Issues in Early Childhood*, 19(4) 328–339. <https://doi.org/10.1177/1463949118781909>

- Reykjavíkurborg, skóla- og frístundasvið. (2014). *Heimurinn er hér: Stefna skóla- og frístundasviðs Reykjavíkur um fjölmennningarlegt skóla- og frístundastarf*. Reykjavík: Höfundur
- Rose, G. (2016). *Visual methodologies: An introduction to researching with visual materials* (4. útgáfa). Los Angeles: SAGE.
- Sadownik, A. (2018). Belonging and participation at stake: Polish migrant children about (mis)recognition of their needs in Norwegian ECECs. *European Early Childhood Education Research Journal*, 26(6), 956–971. <https://doi.org/10.1080/1350293X.2018.1533711>
- Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins nr. 18/1992.
- Souto-Manning, M. (2010). Teaching English learners: Building on cultural and linguistic strengths. *English Education*, 42(3), 248–262.
- Souto-Manning, M. (2013). *Multicultural teaching in the early childhood classroom: Approaches, strategies, and tools, preschool–2nd grade*. New York: Teachers College Press.
- Tisdall, E. og Kay, M. (2012). The challenge and challenging of childhood studies? Learning from disability studies and research with disabled children. *Children & Society*, 26(3), 181–191. <https://doi.org/10.1111/j.1099-0860.2012.00431.x>
- UNESCO. (2019). *Global education monitoring report: Migration, displacement and education: Building bridges, not walls*. Sótt af <https://en.unesco.org/gem-report/report/2019/migration>
- United Nations. (2017). *International convention on the protection of the rights of all migrant workers and members of their families: Convention on the rights of the child*. Sótt af <https://www.refworld.org/docid/5a12942a2b.html>
- Wang, Y., Palonen, T., Hurme, T.-R. og Kinos, J. (2019). Do you want to play with me today? Friendship stability among preschool children. *European Early Childhood Education Research Journal*, 27(2), 170–184. <https://doi.org/10.1080/1350293x.2019.1579545>
- Yuval-Davis, N. (2006). Belonging and the politics of belonging. *Patterns of Prejudice*, 40(3), 197–214. <https://doi.org/10.1080/00313220600769331>
- Zachrisen, B. (2018). Play in an ethnically diverse preschool: Conditions for belonging. Í E. Johansson og Jóhanna Einarsdóttir (ritstjórar), *Values in early childhood education: Citizenship for tomorrow* (bls. 132–146). London: Routledge.

Greinin barst tímaritinu 15. júní 2020 og var samþykkt til birtingar 12. september 2020

UM HÖFUNDANA

Jóhanna Einarsdóttir (joein@hi.is) er prófessor við Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Hún lauk doktorsprófi í menntunarfræðum við Háskólann í Illinois árið 2000. Jóhanna er heiðursdoktor við Háskólann í Oulu í Finnlandi og hún hlaut viðurkenningu frá Háskólanum í Illinois fyrir framlag sitt til rannsókna á menntun ungra barna. Sérsvið hennar eru rannsóknir með börnum, samfella í námi barna og starfendarannsóknir. Hún er þátttakandi í alþjóðlegum rannsóknarverkefnum bæði sem rannsakandi og ráðgjafi og

hefur ritað fjölda fræðigreina í samstarfi við erlenda kollega. Hún situr í stjórn European Early Childhood Education Research Association.

Sara Margrét Ólafsdóttir (saraola@hi.is) er lektor í leikskólafræði við Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Hún lauk doktorsprófi í menntunarfræðum frá Háskóla Íslands árið 2019. Rannsóknir hennar hafa aðallega beinst að sjónarmiðum barna og þær tengjast meðal annars leik barna, vellíðan þeirra, fullgildi og þeim þáttaskilum þegar þau fara úr leikskóla í grunnskóla. Sara hefur tekið þátt í rannsóknasamstarfi, bæði innlendu og erlendu.

Belonging in preschool: The perspectives of children and educators

ABSTRACT

Icelandic society has changed rapidly in recent decades. Immigration to Iceland has been growing steadily, and the country has evolved to become a relatively diverse society. In 1998, only 3.8% of preschool children had a mother tongue other than Icelandic. By 2018, this had increased to almost 14% (Hagstofa Íslands, 2019 (Statistics Iceland)). In the city of Reykjavik, where the present study was conducted, this number is much higher. Preschools have a significant role to play for young children and their families in Iceland as preschools are where children spend most of their day. Preschools are often the first place where immigrant families meet other children and families. Among other things, children can learn about democracy, solidarity, equality and diversity (Evrópuráðið, 2019 (European Commission)). The present study examines how this is put into practice and experienced by a diverse group of children and their educators in one preschool setting in Iceland.

The study is grounded in the fields of Childhood Studies and the Children's Rights Movement. The study makes use of a model created by Lundy (2007) for the implementation of Article 12 of the UNCRC. The model has four features. The first is *space*, which means that children must be given a safe space and an opportunity to express their views. The second, *voice*, indicates that children must be provided with appropriate information and assisted in expressing their views. The third, *audience*, means that their views must be communicated to someone with the responsibility to listen. And the last is *influence*, which requires that children's views be taken seriously and acted upon appropriately. The study is also informed by the concept of 'belonging' (Yuval-Davis, 2006; Juutinen, 2018). We regard belonging as a fundamental need of all people, one which is closely related to relationships and interconnections with people, social inclusion, and participation. The study also used the lens of multicultural education to analyse the preschool pedagogy.

Nine children and four educators participated in the study. Data construction was two-fold. First, interviews were conducted with the children using pictures they took on computer tablets. The children walked around the preschool with the researcher and took pictures on the tablets that became the stimulus for conversations that followed. The

findings from the study with the children were then introduced to the educators, who reflected on the children's experiences. The findings inform the two themes; friendship and play, independence and self-dependence.

In the minds of the children, belonging mainly meant friendship with other children in the preschool community. They connected friendship with play. They played mainly with children with similar cultural and language backgrounds. Children with non-Icelandic backgrounds seemed to have less choice of playmates and were more frequently excluded from play than their Icelandic peers. The children with Icelandic background also had more resources when they were excluded from play than children with foreign background. They were able to use Icelandic to express their feelings. The participating children were independent in terms of the daily activities of the preschool and they did not seek the educators' assistance if something came up, but rather retired. The educators reflected on their practices from the perspectives of the children and they had various ideas about how to support their belonging. Such ideas included finding ways to help the children adapt to the school culture and assist them with the Icelandic language. The educators did not seem conscious of the multicultural policy of the city of Reykjavik (Reykjavíkurborg, skóla og frístundasvið, 2014) nor the emphasis on multicultural education and pedagogy that Icelandic educational authorities have expressed their will to move towards (mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2020).

From the findings of the study we can assume that the discourse about how to support the belonging of children with diverse background is in its beginning phase in the Icelandic preschool community.

Keywords: preschool, diversity, childhood research, belonging

ABOUT THE AUTHORS

Johanna Einarsdottir (joein@hi.is) is a professor at the School of Education, University of Iceland. She completed her doctoral degree in education from University of Illinois in 2000. Johanna holds an Honorary Doctorate from the University of Oulu in Finland. She received the Distinguished Alumni Award from the University of Illinois for her contribution to research on early childhood education. She has been involved in several international research projects as a researcher and a consultant. Her areas of expertise are educational transitions, children's perspectives and action research. Johanna has been on the EECERA Board of Trustees since 2012.

Sara Margret Olafsdottir (saraola@hi.is) is an assistant professor at the School of Education, University of Iceland. She completed her doctoral degree in education from the University of Iceland 2019. Her work has emphasized researching with children. The topics she has explored with children are, among others; children's play, well-being, belonging and transition from preschool to primary school. Sara has participated in research collaboration, both nationally and internationally.